

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um innheimtu vin- 108
fangatolls o. fl. — Þjer hafið, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 4. þ. m., 31. júlí skýrt frá því, að skipið Ingeborg, sem komið hafi frá Noregi og verið fermt vörum til Blönduóss og Skagastrandar, hafi á leið sinni til síðastnefndra kaup- túna 26. apríl þ. á. lent í ís fyrir Vesturlandi og því leitað hafnar í neyð á Ísa- firði; hafi bæjarfógetinn þar heimt toll af vínföngum þeim, sem skipið hafði meðferðis, svo og vitagjald af skipinu, en með því að skipstjórinn á hinu um- rædda skipi hafi eigi haft peninga til að borga með frammanefnd gjöld, hafi hann gefið út ávísun á verzlunarstjóra P. Sæmundsson á Blönduós fyrir upphæð gjaldanna, og hafið þjer nú eptir beiðni bæjarfógetans á Ísafirði innheimt upp- hæð ávísunar þessarar. Jafnframt þessu hafið þjer með skírskotun til 4. gr. til- skip. 26. febr. 1872, og landshöfðingjabrjefs 6. júlí 1886 (Stjtið. 1886, B. bls. 83) tekið það fram, að þjer væruð í efa um það, hvort rjett hafi verið að innheimta umgetin gjöld á Ísafirði, og hafið þjer því beiðzt úrskurðar míns um þetta at- riði, og hvort yður beri eigi að færa hinar umræddu tekjur inn í bækur Húna- vatnssýslu og gjöra landssjóði beint skil fyrir þeim.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því að hvert skip samkvæmt 8. gr. laga 15. apríl 1854 á að sýna skjöl sín og láta rannsaka þau á þeirri höfn, sem það kemur fyrst á, en vínfangatollinn ber að heimta þar, er skipin sýna fyrst skjöl sín, sbr. ráðgjafabrjef 30. júní 1876 (Stjtið. 1876, B. bls. 70) og landshöfðingja- brjef 24. apríl 1877 (Stjtið. 1877, B. bls. 57), var það rjett, að bæjarfógetinn á Ísafirði heimti toll þann, sem hjer er um rætt. Það virðist og liggja beinast við að skilja svo lög nr. 20, 10. oktbr. 1879, um vitagjald af skipum, að það gjald skuli greiða á þeirri höfn hjer á landi, er skipið kemur fyrst á, hvernig svo sem á komu þess stendur. Af framangreindum ástæðum ber því bæjarfó- getanum á Ísafirði að standa landssjóði skil á hinum umræddu gjöldum.

Skýrsla

107

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 29. júní til 2. júlí 1896.

(Framh.)

- c. Við sýslusjóðsreikning Suður-Múlasýslu 1895 þótti athugasvert:
1. Eptirstöðvar frá f. á. eru vantaldar um 50 kr.
 2. Í gjaldalið II. (fskj. 2.) eru dánarbúi setts sýslumanns Sig. Pjetursson- ar ofreiknaðar fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 12 kr., en með til- liti til þess, að dánarbúið hefur ekkert fengið fyrir sendiferð í þarfir sýslunefndarinnar, virðist mega við svo búið standa.
 3. Eptirleiðis ber eigi að telja búnaðarskólagjöld sýslunnar í sýslusjóðs- reikningunum.
 4. Eptirstöðvarnar eru eigi rjett taldar í reikningnum, en það var lag- fært af sýslumanni, að öðru leyti eru eptirstöðvarnar, eins og áður er um getið, vantaldar um 50 kr., og ber því að telja eptirstöðvarnar:

28 dag ágústmán. 1896